



18. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 19. maí 2017 á Hvolsvelli

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Kristinn Óskar Grétuson (KÓG) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Björn Grétar Baldursson (BGB), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Helga Jóhannesdóttir (HeJ).

Áður en fundur hófst sátu stjórnarmenn kvöldverð í félagsheimilinu Hvoli með fulltrúum frá sveitarstjórn Rangárpings eystra.

1. Fundur settur á Hótel Hvolsvelli kl. 22:30

2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra:

- Stærstu verkefni sumarsins eru í undirbúningi; Hreyfivika, 7.Landsmót UMFÍ 50+, 20.Unglingalandsmót, þróun mótaskráningarkerfisins Nóra o.fl.
- Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri fyrir Unglingalandsmót 2017, Margrét S. Árnadóttir, á vegum Austurfara.
- Fyrsti formlegi fundur Landsmótsnefndar fyrir Landsmót 2018 á Sauðárkróki var haldinn 18. maí sl. Búið er að setja upp skipulag fyrir vinnuna og ákveða að fá fagaðila í ráðgjöf um kynningar- og markaðsmál.

3. Framkvæmdastjórnarfundargerð nr. 14 – Samþykkt.

4. Dagskrá vorfundar: Vorfundur og ungmennapartý verða keyrð saman að hluta með því markmiði að ná röddum ungs fólks inn í hreyfinguna.

5. Staða verkefna:

- Hreyfivika:** Verður haldin 28. maí – 4. júní. Mörg ný sveitafélög hafa bæst í hópinn og taka þátt. Samstarf við Ölgerðina gengur mjög vel.
- 7. Landsmót UMFÍ 50+ í Hveragerði:** Mótið er í mjög góðum farvegi, allir sérgreinastjórar komnir og undirbúningur á lokastigum.
- 20. Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum:** Allir sérgreinastjórar eru komnir og flest mál eru komin í farveg.

6. EUF: Stefnt er að því að EUF færist yfir á hendur Rannís þann 1. júlí nk.

7. Felix: Unnið hefur verið að uppfærslum að undanfögnu og virkni kerfisins bætt. Stjórn lýsir áhyggjum af því að kerfið virki ekki eins og upphaflega var lagt upp með.

8. 50. sambandsþing UMFÍ: Þingið verður haldið á Hallormsstað 14.–15. október nk. Unnið er að því að skipuleggja fundi og fundartíma með tilliti til flugsamgangna.

9. Önnur mál

- a. **VBS – Skjaldborg:** Kauptilboð í lóðir félagsins hefur verið samþykkt og telst VBS málinu þar með endanlega lokið.
- b. **Bréf frá framkvæmdastjóra Umf. Selfoss** um lífeyrissjóðsmál lagt fram til umræðu. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu.
- c. **Markaðsmál Landsmóts UMFÍ 2018:** Rætt um mikilvægi kynningarmála fyrir mótið. Stjórn er sammála því að mikilvægt sé að koma skilaboðum um breyttar áherslur mótsins út í hreyfinguna og samþykkir að setja 1 milljón kr., umfram fjárhagsáætlun 2017, í kynningarmál mótsins.
- d. **Ýmis mál:** Formaður hvatti Þrastaskóganefnd til dáða, sagði frá fundi sínum með Haraldi Benediktssyni formanni fjárlaganefndar, ræddi lítillega um reglugerð Landsmóts UMFÍ o.fl.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 00.34.

Fundi framhaldið í Hvoli laugardag kl. 10:30.

HrJ boðaði forföll og ÖG falið rita fundargerð.

- e. **Forvarnamál:** KÓG fór yfir forvarnamál er varða barna- og unglingaþjálfun. Ræddi m.a. dómgæslu ungmenna hjá jafnöldrum, ofurkapp foreldra og keppnisáherslu í íþróttum ungmenna. Kom einnig inn á að íþróttir ættu ekki bara að vera á keppnisgrunni heldur líka á félagslegum grunni.
– Stjórn UMFÍ undirstrikar mikilvægi þess að foreldrar séu góðar fyrirmyndir varðandi æfingar og keppni barna og ungmenna. Samþykkt að birta í Skinfaxa greinar um þetta málefni og kynna m.a. á Unglingalandsmótinu á Egilsstöðum.

HrJ og ÖG rituðu fundargerð.